

Opnunartími sundlauganna

Neslaug: miðvikudaga 17-22 og laugardaga 13-18

Skeiðalaug: mánudaga og fimmtudaga 18-22

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

2.árg. 10.tbl. Nóvember 2022

Frá íbúafundi í Árnosi



Opnunartími á gámasvæðinu í Árnosi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlauginu í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnosi opnir allan sólarhringinn

Það var ánægjulegt að halda íbúafundinn í Árnosi 2. október og vil ég þakka fyrir frábæra mætingu. Við eigum eftir að halda fjölmarga íbúafundi á næstu mánuðum og árum þar sem ég tel mikilvægt að halda uppi góðu samtali við íbúa um málefni sem eru framundan ásamt því að upplýsa um hvernig rekstur sveitarfélagsins gengur. Ég hef lært það á síðustu vikum að haustin eru annasamasti tími ársins hjá sveitarstjórnarfólki. 28-30. september sóttum ég og Sýlvía Landsþing Sambands sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri. Þar kynntist ég fjölmörgun sveitarstjórnarfulltrúum af öllu landinu og var umræðan góð.

Í byrjun október var kjördæmavika og hittu sveitarfélögin í Uppsveitunum þingmenn úr suðurkjördæmi í Aratungu þann 6. október. Þar gafst mér tækifæri til að koma á framfæri til þingmanna þeim málefnum sem skipta sveitarfélagið miklu máli.

Héraðsnefnd Árneseinga hélt árlegan haustfund 11. október á Sólheimum. Undir héraðsnefndinni eru Brunavarnir Árneseinga, Tónlistarskóli Árneseinga, Listasafn Árneseinga, Byggðasafn Árneseinga, Héraðsskjalasafn Árneseinga og Almannavarnir Árneseinga.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna var haldin í Reykjavík 13.-14. október og má segja að hún sé nokkurskonar árshátíð sveitarstjórnarfólks á landinu. Ráðstefnan var góð, fjölmörg áhugaverð erindi og góðar reynslusögur frá öðrum sveitarfélögum.

27.-28.október var svo aðalfundur SASS



Pistill frá sveitarstjóra

(Samband sveitarfélaga á Suðurlandi) haldinn á Höfn í Hornarfirði. Þar eru málefni Suðurlands í brennidepli og aðalfundurinn ályktar um fjölmörg málefni sem eru send til þingmanna og ráðherra.

Í mánuðinum hófst vinna við fjárhagsáætlun næsta árs og verður fyrsta umræða áætlunarinnar á dagskrá sveitarstjórnar í nóvember.

Undirbúningur fyrir skólaþing hefur verið á fullum krafti í mánuðinum og hlakka ég mikið til að taka þátt í því þann 19. nóvember.

Lionsklúbburinn Dynkur hélt hið árlega Snitchel kvöld í Árnosi 22. október og var þar mikið fjölmenni sem átti frábæra kvöldstund saman. Fyrir þau sem misstu af kvöldinu hvet ég þau til að mæta á næsta ári, maturinn var frábær og skemmtiatriðin góð.

Ég hef átt nokkra fundi í mánuðinum með Umhverfisstofnun og einnig Minjastofnun varðandi stjórnunar- og verndaráætlun Þjórsárdalsins, sem er á lokametrunum og fer líklega í auglýsingu seinnihlutann í nóvember. Það skiptir okkur miklu máli að vinna vel saman með Umhverfisstofnun og

Minjastofnun að verndun Þjórsárdalsins.

Það er mikið um framkvæmdir í sveitarfélaginu eins og sjá má í Gauknum okkar. Nýtt 1.800 fm fjós er í byggingu í Þrándarholti, 450 fm fjárhús í Steinsholti og verið var að taka fyrstu skóflustunguna að nýju veiðihúsi við Stóru-Laxá.

Í lok október auglýstum við útboð á gatnagerð við Vallarbraut í Brautarholti. Tilboðsfrestur er til 15. nóvember og stefnum við á að framkvæmdir við gatnagerðina hefjist í framhaldi af opnun tilboða.

Í dag, 3. nóvember þegar Gaukurinn er borinn út á öll heimili er stór stund í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, en kl.

13:00 verður tekin fyrsta skóflustungan að Fjallaböðunum í Þjórsárdal. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Grímur Sæmundsen forstjóri Bláa Lónsins, Magnús Orri Marínarson Schram framkvæmdarstjóri Fjallabaðanna og ég tókum saman fyrstu skóflustunguna og markar það upphafið að einni stærstu fjárfestingu í ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Það má með sanni segja að framtíðin er björt.

Fleira er það ekki að sinni.

Kveðja,

Haraldur Þór Jónsson

Frá Snitchel kvöldi Dynks



Nýtt og glæsilegt 1.800 fm fjós í reisingu í Þrándarholti



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót og er dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson

Það tekur heilt þorp að ala upp barn..

Framundan er skólaþing og verður það haldið 19. nóvember í Árnasi, kl. 11:00. Í hádeginu verður boðið upp á súpu sem Þórður gladdrar fram.

Skólaþing fer þannig fram að gestum er raðað í hópa og fá þeir málefni til að ræða um er varða skólann og samfélagið okkar. Við ræðum mat okkar á skólamálunum, sterkar hliðar, áskoranir, tækifæri og hvernig við viljum sjá skólana þróast á næstu áum. Á hverju borði verður ritari sem skráir það helsta sem fram kemur. Öllum gögnunum verður síðan safnað saman og úr þeim er mótuð sú skólastefna sem við leggjum til grundvallar næstu árin. Skólastefna er því það sem allir sameinast um og eru sáttir við fyrir skólasamfélagið okkar. Hliðstæðra gagna verður aflað hjá starfsfólki skólanna og nemendum.

En hvers vegna eigum við að halda skólaþing?

Í samfélagi manna sameinast íbúar um að halda skóla fyrir börnin. Okkur er umhugað

um velferð þeirra og viljum búa þeim eins góðar leik- og námsaðstæður og völ er á. Að halda skólaþing er lýðræðisleg leið til að fá sjónarmið og væntingar allra íbúa upp á yfirborðið, því skóli er hluti af samfélaginu okkar og því er það afar mikilvægt að allir fái að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Við erum með framtíðina fyrir framan okkur og í sameiningu ætlum við að móta skýra stefnu til að sigla eftir. Ég hvet ykkur öll til að koma og er handviss um að við eigum eftir að eiga góðan dag og eiga fjórar og gagnlegar umræður um framtíðarsýn í skólastarfi.

Vegna undirbúnings fyrir veitingar og annað skipulag er fólk beðið um að skrá sig – með því að senda tölvupóst á:

vilborg@skeidgnup.is

hronn@skeidgnup.is

Einnig er hægt að staðfesta þátttöku með því að hringja í 486-6100.

Vilborg Ástráðsdóttir
Formaður skólanefndar

Skólaþing fer fram 19.nóvember í Árnasi.

Skráning með því að senda tölvupóst á:

vilborg@skeidgnup.is eða hronn@skeidgnup.is

Einnig er hægt að staðfesta þátttöku með því að hringja á skrifstofu

Skeiða- og Gnúpverjahrepps í síma 486-6100

Uppskrift mánaðarins



Sæl öll.

Ásta heiti ég og er stuðningsfulltrúi í Þjósárskóla. Ég flutti hingað í sveitina með manninum mínum, honum Axel, fyrir 6 árum síðan. Saman eigum við 4 börn og búum við í Sandlækjarkoti. Ég var plötuð til að koma með uppskrift í Gaukinn, sem er bara skemmtilegt og þakka ég fyrir það. Ég get deilt með ykkur mjög svo einfaldri uppskrift. Því á stóru heimili þarf allt að vera frekar fljótlegt og einfalt.

Mexíkósk hakk grýta.

Í þennan rétt þarf gott hakk og notum við fjölskyldan hakk frá Birnu og Rúnari á Reykjum. Svo er það galdurinn við að gera grýtuna, en hún er einfaldlega sú að setja einn pakka af Meksíkansk gryte frá TORO og 8 dl af vatni útá þegar hakkið er búið að steikjast. Ef vill er hægt að setja allskonar grænmeti útá líka eins og brokkólí, gulrætur, blómkál, papriku eða eitthvað annað sem er til í ísskápnum. Þetta er svo látið sjóða í 20 mínútur. Svo er gott að setja þetta inní tortillu eða ofan á brauðsneið smurða með smjöri, miklu smjöri.

Gúrka er mjög vinsæl á mínu heimili og er hún meðlæti með nánast öllum mat hjá okkur. Hún er skorin í ræmur eða lengju eða franskar eins og börnin vilja stundum kalla það.

Eftirréttur.

Það er nú ekki oft eftirréttur hjá okkur en ef svo er þá er hann að sjálfsögðu einfaldur. Og hvað er einfaldara en ÍS. Já ísinn stendur alltaf fyrir sínu og þar sem ég er Hvergerðingur þá býð ég að sjálfsögðu uppá Kjörís.

Einfalt, fljótlegt og gott.

Verði ykkur að góðu.

Kvennfélag Gnúpverja

Kvenfélag Gnúpverja var stofnað 28. apríl 1929. Tilgangur félagsins er m.a. að vinna að líknar- og menningarmálum innan sveitar og utan eftir því sem þörf og geta leyfa. Félagið hefur í gegnum árin gert marga góða hluti. Helstu fjáraflanir hjá félaginu hafa verið erfidrykkjur, páskabingó og kökubasar.

Í covid faraldrinum lá starfið að mestu niðri.

Í ár vorum við með óhefðbundnari leiðir í fjáröflun okkar; við sáum um að setja saman ruslatunnur og koma þeim á heimilin í sveitinni. Einnig tókum við að okkur smá girðingavinnu. Þetta voru heldur betur skemmtileg verkefni og með samvinnu og gleði að leiðarljósi tókust þau vel. Vonandi finnum við fleiri leiðir til fjáröflunar og getum haldið áfram að styrkja góð málefni í nærumhverfinu.

Í kvenfélaginu í dag eru 34 konur og þar af 11 heiðursfélagar. Elsti heiðursfélaginn okkar er Guðbjörg Eiríksdóttir Steinsholti, fædd 22. apríl 1919. Nefndir kvenfélagsins

eru: skemmti- og fræðslunefnd, bingónefnd og útivistarnefnd.

Við höldum fjóra fundi á ári, aðalfund, vorfund, haustfund og jólafund. Við höldum haustfundinn okkar í ár, 27. október að Lómsstöðum. Undanfarin ár höfum við haft þetta bleikan fund. Í ár söfnuðum við frjálsum framlögum til styrktar Krabbameinsfélagi Árnassýslu. Fundurinn var vel sóttur og góð stemmning. Gestur fundarins var Margrét Steinunn Guðjónsdóttir, sálgaetir. Hún flutti áhugavert erindi. Í lokin tók hún upp gítarinn og sungum við saman nokkur lög.

Að starfa í kvenfélagi er bæði skemmtilegt og þroskandi. Með konum myndast vinátta, góð samvinna og samheldni. Nýjar konur eru ávallt velkomnar.

Með kærleikskveðju

Sigríður Björk Gylfadóttir,

Steinsholti,

formaður Kvenfélags Gnúpverja

Smalahundafélag Íslands

Landskeppni Smalahundafélags Íslands fór fram á Húsatóftum 15.-16. október síðastliðin. Keppt var í unghundaflokki og í A-flokki en dómari var Jón Leif frá Færeyjum. Keppendur og hundar komu víða að og einn meira að segja alla leið frá Dalatanga. Veðrið lék við keppendur og var gaman að fylgjast með spennandi keppni.

Sigurvegari í unghundaflokki var Maríus með tíkina Mílu, í öðru sæti var Hrafnhildur Tíbrá og Flís en í þriðja sæti Marsibil og Snúður.

Segja má að Aðalsteinn Aðalsteinsson hafi slegið í gegn á mótinu með sína hunda því hann stóð ekki bara uppi sem sigurvegari í A flokki með hundinn Biff heldur hnepti hann einnig annað og þriðja sætið með tükurnar Doppu og Gló.

Við viljum koma kærum þökkum á framfæri til allra þeirra sem lögðu hönd á plóg, aðstoðuðu við undirbúning og keppnina sjálfa.



Fyrsta skóflustungan að nýju veiðihúsi við Stóru-Laxá

Þann 28. október var tekin fyrsta skóflustungan að nýju veiðihúsi við Stóru-Laxá að Streng í Skarði. Það gerðu Esther Guðjónsdóttir formaður Stóru-Laxárdeildar og Finnur B. Harðarson Ásbrekku og jafnframt einn af leigendum Stóru-Laxár. Nýja húsið verður við hlið þess gamla en mun stærra, eða 325 fermetrar, 7 herbergi með fullkominni aðstöðu fyrir veiðimenn. Áætlað er að það verði tilbúið fyrir sumarið 2023.



Skólaping fer fram 19.nóvember í Árnasi.

Skráning með því að senda tölvupóst á:

vilborg@skeidgnup.is eða hronn@skeidgnup.is

Einnig er hægt að staðfesta þáttöku með því að hringja á skrifstofu

Skeiða- og Gnúpverjahrepps í síma 486-6100

Nýsköpun

Nýsköpun – að virkja hugvitið.

Hvers vegna skyldi það skipta máli að efla færni til nýsköpunar og flétta slíka vinnu inn í skólastarf?

Nýsköpun er hugtak sem hefur heyrst síðastliðin 30 ár og stöðugt eflist sú orðræða og mikilvægi nýsköpunar virðist vera meiri en nokkru sinni fyrr. Þörfin fyrir nýsköpun er réttlætt með því að hún sé ekki aðeins grundvöllur efnahagslegrar velgengni heldur lykillinn að úrlausn stærstu viðfangsefna komandi áratuga. Fjölmargar rannsóknir sýna að nýsköpun hafi jákvæð áhrif á hagvöxt. Margir telja að nýsköpunarhæfni samfélags, getan til þess að laða fram góðar hugmyndir og veita þeim í farveg sé sífellt að verða mikilvægari forsenda lífsgæða.

Nýsköpun er hugmyndavinna sem felst í að finna lausnir á þörfum og vandamálum eða að endurbæta gamlar lausnir og gera eitthvað með hugmyndirnar. Frumlegar og skapandi lausnir teljast ekki vera nýsköpun fyrr en þeim hefur verið hrint í



framkvæmd eða þær birtar á einhvern hátt. Nýsköpun hefur verið sinnt miklu lengur en hugtakið hefur verið til og má nefna að allar framfarir í atvinnuháttum bæði fyrr og síðar hafi verið afleiðingar nýsköpunar. Nýsköpunarferlið er í sjálfu sér einfalt: það byggir á því að einhver þörf eða vandamál eru greind og fundin á þeim álitleg lausn sem síðan er framkvæmd eða birt öðrum sem lýsing, líkan eða frumgerð. Mörg skref geta þurft að eiga sér stað fram og til baka innan þessara þriggja skrefa í nýsköpunarferlinu sem stundum eru kölluð þörf-lausn-afurð, eins og hugmyndavinna, tilraunir og kannanir af ýmsu tagi.

Mörg íslensk fyrirtæki hafa orðið til sem afurðir nýsköpunar, byrja oftast smátt en geta vaxið í stóra starfsemi og mætti þar nefna sem dæmi úr nútímanum Össur og Marel. Mörg fyrirtæki í ferðaiðnaði geta flokkast sem nýsköpun þó vissulega séu þau misjafnlega frumleg eða nýstárleg. Sá þáttur nýsköpunar sem bundnar eru miklar vonir við eru lausnir á félagslegar áskoranir og umhverfislegar. Hæfnin til nýsköpunar byggir á sköpunargetu okkar, þekkingu á tilteknu sviði og vilja til að framkvæma það sem okkur dettur í hug. Hugvitið er með öðrum orðum mikilvægasta uppspretta nýsköpunar – en tengist líka því sem við höfum þekkingu á og tilfinningum okkar gagnvart áskorunum eða vandamálum og hversu mikilvægt okkur finnst að bregðast við þeim.



Þessa hæfni er hægt að rækta og styðja og er þess vegna sem dýrmæt hæfni mikilvægt að þjálfra og efla samhliða annarri getu gegnum skólastarf og hverskonar menntun. Eins og með aðra hæfni er áhrifaríkast sinna henni frá unga aldri og því mikilvægt að þræða slíka þjálfun gegnum menntun á öllum skólastigum. Rétt eins og að þjálfra lestur og fleiri mikilvæga færni er best að byrja snemma og hafa samfellu og stígandi í takt við aldur og þroska. Rannsóknir hafa sýnt að eftir því sem börn eru vanari nýsköpunarvinnu er auðveldara að vinna með meira krefjandi verkefni þegar þau eru orðin eldri og þau ganga hiklaust til verka. Í Þjórsárskóla eigum við nú þegar sprota að slíku námssviði sem mætti efla frekar og þróa.

Svanborg R Jónsdóttir,

Stóra-Núpi

Prófessor á Menntavísindasviði

Háskóla Íslands

Sérfræðingur í

nýsköpunar- og frumkvöðlamente

Kynningarfundur Leikdeildar Gnúpverja

Leikdeild Umf. Gnúpverja heldur þriðjudaginn 22. nóvember kl. 20.30 í Árnosi stuttan kynningarfund á starfi deildarinnar, hvað er framundan í vetur hjá félaginu og fleira skemmtilegt.

Allir sem áhuga hafa á starfi Leikdeildarinnar eru hvattir til að mæta og munið að þó þið mætið á þennan stutta fund er það ekki skuldbinding um að vera með í leikstarfi.

Stjórn Leikdeildar Gnúpverja



Frá Nönnu systir

Jökulsfréttir - október

Nýtt vökvunarkerfi

Sjálfvirkt vökvunarkerfi var sett upp í reiðhöllinni núna í haust. Það hefur tekið aðeins tíma að fínstilla kerfið en allt virðist vera að smella. Þetta er gífurlegur munur uppá að halda gólfinu góðu en mikil vinna hefur falist í því að vökva gólfið fram að þessu.

Kerfið er algjörlega sjálfvirkt og fer í gang á nóttunni í stutta stund og þar með verður rakastigið jafnt í húsinu. Áður var verið að vökva gólfið 1 sinni til 2 sinnum í viku með brunaslöngum. Það var verk fyrir tvo og erfitt að hafa jafnt rakastig á gólfinu.

Ný reiðbrú vígð

Þann 1. október var formlega opnuð ný brú á fornri þjóðleið sem liggur meðfram Stóru-Laxá og Hvítá, um lönd jarðanna Eiríksbakka og Iðu.

Það er gaman þegar landeigendur taka af skarið með slíkar framkvæmdir eins og raunin var í þessu tilfelli.

Meðlimum Jökuls er ekki fisjað saman og krafturinn mikill í nýja félaginu okkar.

Jökulsfélaginn og innviðaráðherrann Sigurður Ingi Jóhannsson fékk heiðurinn að klippa á bordann.

Það voru þeir Guðmundur Ingólfsson á Iðu, Kristján Skarphéðinsson á Eiríksbakka, Ólafur Gunnarsson á Helgastöðum og Loftur Ingólfsson á Iðu sem báru hitann og þungann af framkvæmdinni.

Hestamannafélagið styrkti framkvæmdina fjárhagslega.

Námskeið fyrir áramót

Fullorðins námskeið byrjaði núna í október. Haustnámskeið hafa ekki verið á dagskránni áður og því gaman að sjá flotta skráningu á námskeið hjá Maiju Varis. Kennir eru einkatímar, 30 mínútur í senn. Námskeiðin eru á þriðjudögum og eru þetta 5 skipti.

Helgina 26.-27.nóvember verður haldið námskeið með Ragnheiði Þorvaldsdóttur. Þetta námskeið hefur verið mjög vinsælt hjá Ragnheiði. Á námskeiðinu er einungis unnið með hestinn í hendi og honum kennt ýmis konar kúnstir, leiki, umhverfisþjálfun og fleira skemmtilegt.

Knapamerki

Knapamerkjánámið heldur áfram að þróast og þroskast hjá okkur. Námið er fyrir nemendur í 8. - 10. bekk í Uppsveitunum og var byrjað með nemendur úr Flúðaskóla í september. Núna í október gátum við sem betur fer opnað fyrir nemendur úr hinum skólunum á svæðinu. Fylltist strax á þau námskeið og því greinilega mikill áhugi fyrir þessu.

Þessi hugmynd, að bjóða uppá nám í hestamennsku án þess að nemendur þurfi að eiga hesta né búnað, hefur algjörlega slegið í gegn. Það verður gaman að halda áfram með verkefnið og leyfa því að dafna.

Æskulýðsstarfið

Mikið er um að vera í æskulýðsstarfinu strax á haustönn. Búið er að halda fyrirlestur fyrir krakkana sem hét „Fyrsta hjálp fyrir hestakrakka“. Heiða Pálrún hjúkrunarfræðingur kenndi 27 krökkum auk foreldra réttu handtökin þegar slys ber að garði.

28. okt stendur til að fara með hestakrakkanna í haustferð með rútu um suðurlandið. Heimsótt verða hrossaræktarbú, dýralæknamiðstöð og fleira gaman.

Reiðhöllin

Margt er að gerast innan veggja reiðhallarinnar. Nú er verið að vinna að því að gera salinn á efri hæðinni betri og var á dögnum keypt stórt sjónvarp og sett upp á vegg. Það er strax búið að sanna gildi sitt

við kennslu í knapamerkjunum. Eins var á dögnum gólfíð tætt upp og kurli bætt í það til að bæta það.

Árshátíð og haustfundur

12. nóvember verður mikill hestadagur fyrir félagsmenn Jökuls. Um morguninn ætla nefndir og stjórnir á vegum félagsins að hittast og fara yfir málin sín á milli. Það er margt sem þarf að skipuleggja og ræða í nýju félagi og því verður gott fyrir félagsmenn að hittast í spjalli. Fundurinn mun síðan enda á því að formlega verður skrifað undir samning við sveitarfélögin varðandi styrk til starfsins.

Um kvöldið verður svo blásið til skemmtunar í Árnesi. Við ætlum að halda okkar fyrstu árshátíð og er mikill spenningur í félagsmönnum fyrir því.

Myndir frá fyrirlestri um „Fyrsta hjálp fyrir hestakrakka“



Borðspilakvöld UMFS

Rúmlega þrjátíu spilaglaðir einstaklingar hittust á spilakvöldi í Brautarholti, miðvikudaginn 26. október, til að spila skemmtileg borðspil. Sérfræðingar úr búðinni Spilavinum komu til okkar með heilu kassana af spilum, en við þurftum þó að bíða aðeins eftir þeim því þeir villtust á leiðinni. Spilað var á mörgum borðum og gleðin mikil. Gott var að fá kennslu á ný spil frá sérfræðingunum og upprifjun á þeim sem ekki höfðu verið spiluð lengi. Nú ættu flestir að hafa spil á jólagjafalista sínum. Meðfylgjandi myndir lýsa áhuganum best.

Takk fyrir frábært kvöld og vonandi verður hægt að endurtaka þetta fljótlega.

Spilanefnd Ungmennafélags Skeiðamanna, **Helena, Lilja og Sigga.**



Borðspilakvöld UMFS



Nýbúar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Við heitum Oddrún Ýr Sigurðardóttir þroskaþjálfari, reiðkennari og hestadómari og Þorleifur Þorri Ingvarsson garðyrkjufræðingur. Oddrún ættuð frá Húsavík, flutti ung suður og ólst að mestu leyti upp í Seljahverfinu í Breiðholti.

Þorleifur er úr Mosfellsbæ, var alla sína grunnskólagöngu þar.

Við búum á Holtabraut 10 í Brautarholti, keyptum þar fyrir rúmlega ári síðan.

Oddrún starfar sem sérskennslustjóri í leikskólanum Leikholti, starfar líka hjá hestamannafélaginu Jökli við kennslu og önnur störf tengd félaginu.

Þorleifur starfar í Espiflöt, garðyrkjustöð í Reykholti.

Við eigum tvö born, Sölva Þór 15 ára sem er í Flúðaskóla og Helgu Hrönn 6 ára í Þjórsárskóla.

Ástæða flutninga?

Vildum breyta til, hagstæðara verð en í bænum, vildum komast í sveitina.

Af hverju völduð þið Skeið-Gnúp?

Hafið þið tengingu við fólk héðan eða þekkið til svæðis

Nei, enga tengingu þannig. Sáum hús til sölu sem við reyndar misstum af. Tengdaforeldrar mínir fóru þá í rannsóknarvinnu og fundu þetta hús. Má kannski segja að þau hafi haft



einhver áhrif en þau eru búsett við og við hér í sveitinni.

Fannst okkur síðan þetta vera góð staðsetning hvað okkar vinnu varðar og komast úr brjálæðinu í borginni

Nýtt fjárhús í byggingu

Nýtt fjárhús á taði, í Steinsholti er í byggingu þessa dagana. Það eru bændurnir í Steinsholti sem reisa en þar er næsta kynslóð að koma inn í búskapinn. Þetta er 450 fm braggi frá Hýsi sem rúmar 380 fjár.



Sveitarstjórn 2022-2026 Númer fundar: 7. Dagssetning fundar: Miðvikudagur, 5. október 2022.

Tími fundar: 09:00. Mættir: Haraldur Þór Jónsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gunnar Örn Marteinson, Karen Óskarsdóttir og Vilborg Ástráðsdóttir.

Fundargerð ritaði Haraldur Þór Jónsson.

Sveitarstjóri setti fundinn og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Sveitarstjóri óskaði eftir að bæta tveimur málum á dagskrá fundarins, lyfjaafgreiðslu í Laugarási og kaupþilboð í Bugðugerði 5b. Var það samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum og verða málin nr. 26 og 27.

Fundargerð:

1. Skýrslugjöf sveitarstjóra á 7. sveitarstjórnarfundum

Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að á síðustu tveimur vikum: Hittingur Eldri borgara félaga í uppsveitunum á Hótel Geysi.

NOS fundur - Framtíð skóla- og Velferðarþjónustu Árneshvíls.

Fjarskiptafélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps - verkefni framundan.

Fundur með stjórn félags eldri borgara í SKOGN.

Landsþing Sambands sveitarfélaga á Akureyri.

Íbúafundur.

Fundur NOS og starfsmanna SVÁ.

Fundur með Magnúsi Orra varðandi uppbyggingu íbúða í Árnesi.

2. Heimsókn Verkefnisstjóra innleiðingar farsældar barna

Kristín Arna Hauksdóttir kemur frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls og kynnir verklag sem liggur fyrir að verði innleitt með nýri löggjöf, farsældarlögin.

Sveitarstjórn þakkar Kristínu Örnu fyrir góða kynningu.

3. Ósk um lengri ráðningu

Núverandi ráðning leikskólustjóra í Leikholti var tímabundin til loka febrúar. Leikskólustjóri lýsir ánægju sinni með starfið og starfsumhverfið og óskar eftir framlengingu á tímabundnum ráðningarsamningi sínum.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með störf leikskólustjóra og samþykkir með 5 atkvæðum að

framlengja tímabundna ráðningu til 1. ágúst 2024.

4. Skipan í nefndir

Skipa þarf aftur í Loftslags- og umhverfisnefnd og Atvinnu- og samgöngunefnd þar sem búið er að breyta nefndunum úr 3 manna nefndum í 5 manna nefndir. Sveitarstjórn skipar:

Loftslags- og umhverfisnefnd:

Aðalmenn: Vilmundur Jónsson, Gunnhildur Valgeirsdóttir, Ísak Jökulsson, Hannes Ólafur Gestsson, Sigbrúður Jónsdóttir.

Varamenn: Haraldur Ívar Guðmundsson, Birna Þorsteinsdóttir, Bjarki Þór Þorsteinsson, Karen Kristjana Ernstsóttir, Gerður Stefánsdóttir.

Atvinnu- og samgöngunefnd:

Aðalmenn: Árni Már Einarsson, Bjarki Þór Þorsteinsson, Gunnhildur Valgeirsdóttir, Atli Eggertsson, Axel Á. Njarðvík.

Varamenn: Kristín Eva Einarisdóttir, Ísak Jökulsson, Sigurður Unnar Sigurðsson, Karen Kristjana Ernstsóttir, Gerður Stefánsdóttir.

5. Jafnlaunavottun - ytri úttekt

Sveitarstjóri leggur fram skýrslu frá BSI á Íslandi vegna ytri úttektar á jafnlaunavottun sveitarfélagsins skv ÍST 85:2012 sem framkvæmd var 23. september 2022. Farið var yfir niðurstöður skýrslunnar og rýni stjórnenda. Markmiðum fyrir árið var náð. Enginn óútskýrður launamunur kom fram og heildarfrávik voru 1,2% körlum í hag og fylgni milli launa og starfaflokkunar R2 98,8%. Við rýni stjórnenda voru samþykkt markmið fyrir árið 2023 og stefnt að því að óútskýrður launamunur verði enginn, heildarfrávik ekki meira en 3% og fylgni (R2) verði ekki lægri en 95%.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með góða niðurstöðu ytri úttektar.

6. Umsagnarbeiðni v. rekstrarleyfis Áshildarvegi

Lögð fram umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – H Fristundahús.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsókn um rekstur gististaðar í flokki II – H Fristundahús.

7. Erindi frá UNICEF

Lagt fram erindi frá UNICEF á Íslandi er varðar stofnun og vinnu ungmennaráðs. Í skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur verið starfandi ungmennaráð og hvetur UNICEF á Íslandi Skeiða- og Gnúpverjahrepp að efla starf ungmennaráðsins í samræmi við ráð ungmenna til ráðamanna sem ungmenni settu fram í vinnustofum vorið 2022.

8. Gögn fyrir auka stofnfund Arnardrangs

Lagðar fram tillögur fyrir aukafund stofnenda Arnardrangs hses. hinn 7.10.2022 ásamt samþykktum Arnardrangs hses.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum framlagðar tillögur og staðfestir kjör stjórnar Arnardrangs hses. Sveitarstjórn skipar sveitarstjóra sem fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps á fundinn.

9. Fundargerð skólanefndar

Fundargerð skólanefndar lögð fram. Tekin var fyrir 7 tl. vegna ráðningar verkefnisstjóra skólaþings. Einnig tekinn fyrir 8 tl. fundargerðar þar sem lagðar eru fram verklagsreglur um tvöfalda skólavist.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina. Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að ráða Ingvar Sigurgeirsson til að stýra skólaþinginu. Sveitarstjóri skal leggja fram kostnaðaráætlun við skólaþing fyrir næsta sveitarstjórnarfund. Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum verklagsreglur um tvöfalda skólavist.

10. Fundargerð NOS

Lögð var fram fundargerð NOS, stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs frá 21. september 2022. Í fundargerðinni leggur stjórn NOS til við bæjar- og sveitarstjórnir aðildarfélaganna að á næsta fundi þeirra verði samþykkt að starfsemi byggðasamlagsins „Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs.“ (SVÁ) verði hætt og byggðasamlaginu verði slitið. Einnig er óskað eftir samþykki bæjar- og sveitarstjórna fyrir því að ráðinn verði verkefnastjóri til að annast slitin og kostnaður greiðist af SVÁ í sömu hlutföllum og annar rekstrarkostnaður byggðasamlagsins. Tillagan hefur verið kynnt fyrir skólanefnd.

Umræða varð um málið. Á síðustu misserum hefur verið unnið að því að skoða framtíð byggðasamlagsins og var í tilefni af því m.a. gerð úttekt á starfseminni og lágu niðurstöður fyrir í lok síðasta árs.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum tillögu stjórnar NOS um að starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs verði hætt og byggðasamlaginu verði slitið. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að ráðinn verði verkefnastjóri til að annast slitin og að kostnaður vegna þessa greiðist í sömu hlutföllum og annar rekstrarkostnaður byggðasamlagsins.

Í ljósi framangreinds samþykkir sveitarstjórn að skoða samstarf sveitarfélaganna Skeiða-

og Gnúpverjahrepps, Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps og Hrunamannahrepps á sviði skóla- og velferðarþjónustu. Löng hefð er fyrir samstarfi þessara sveitarfélaga í þessum málaflokkum. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.

11. Áskorun FA, Húsó g LEB á sveitarstjórnir
Lögð fram til kynningar sameiginleg áskorun Félags atvinnurekenda, Húseigendafélagsins og Landssamband eldri borgara á ríki og sveitarfélög að grípa til aðgerða til að hindra að hækkanir á fasteignamarkaði leiði til mikilla hækkana fasteignagjalda á eignir fólks og fyrirtækja. *Sveitarstjórn skodar úlagningarforsendur í tengslum við fjárhagsáætlanagerð sveitarfélagsins fyrir árið 2023.*

12. Hvatning til aðildarsveitarfélaga Samtaka Orkusveitarfélaga.

Lagt fram erindi frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga um vinnu starfshóps sem umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðherra hefur skipað til að móta tillögur um fyrirkomulag vindorkunýtingar.

Umræða í sveitarstjórn um erindið. Búið er að vísa málinu til umfjöllunar í loftslags- og umhverfisnefnd og atvinnu- og samgöngunefnd og mun sveitarstjórn fjalla um málið að lokinni umfjöllun í nefndum.

13. Bæjarás - Veidihús í Laxárdal

Bæjarás veidihús L233313; Laxárdalur við Stóru-Laxá (svæði AF2); Aðalskipulagsbreyting - 2206010 Lögð er fram uppfærð tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bæjaráss veidihúss L233313 í Laxárdal við Stóru-Laxá. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á afþreyingar- og ferðamannasvæðinu Stóra-Laxá, veidihús (svæði AF2) í landi Laxárdals. Með breytingunni verður AF2 tvískipt svæði þar sem gert er ráð fyrir nýju veidihúsi að lóðinni Bæjarás veidihús L233313. Breyting verður gerð á greinargerð aðalskipulags- og skipulagsuppdrætti.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum viðkomandi tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bæjarás, veidihús í Laxárdal til kynningar í samræmi við 30.gr.skipulagslaga nr. 123/2010. Uppfærð gögn voru lögð fram við afgreiðslu málsins.

14. Fundargerð Skipulagsnefndar - 246.fundur

21. Flatir Réttarholt; Stækkun fristundasvæðis F27; Deiliskipulagsbreyting - 2005080

Lögð er fram að nýju tillaga deiliskipulagsbreytingar

er varðar breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundasvæði F27 á Flötum, í landi Réttarholts, eftir auglýsingu. Í breytingunni felst stækkun skipulagssvæðis og fjölgun lóða innan þess. Staðsetning á leik- og opnu svæði er breytt og gönguleið skilgreind. Skilmálar skipulagsins eru uppfærðir í heild sinni eftir breytingu þar sem m.a. er skilgreint nýtingarhlutfall lóða og byggingarheimildir. Umsagnir og athugasemdir bárust vegna málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt uppfærðum uppdreitti.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar sem framundan er endurskoðun á deiliskipulagi fyrir Árnes í heild.

22. Löngudælaholt frístundasvæði; Breyting og samræming deiliskipulags - 2104081.

Lögð er fram tillaga er varðar breytingu og samræmingu deiliskipulags að Löngudælaholti úr landi Réttarholts. Markmiðið er að skilgreina betur núverandi frístundabyggð út frá staðbetri grunnögnum. Fyrir liggur undanþága innviðaráðuneytis vegna fjarlægða frá vegum, ám og vötnum. Málið hefur áður hlotið afgreiðslu en kemur nú aftur fyrir nefndina þar sem meira en ár er liðið síðan athugasemdafrest við tillöguna lauk.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

15. Ályktun stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Lögð fram ályktun frá stjórn Skógræktarfélags Íslands

16. Fundargerð Byggðasafns Árnesinga

Fundargerð 2. fundar stjórnar lögð fram til kynningar.

17. Fundargerð Brunavarna Árnessýslu

Fundargerð 3. fundar stjórnar lögð fram til kynningar.

18. Fundargerð Seyrustjórnar

Fundargerð 5. fundar lögð fram til kynningar.

19. Fundargerð fræðslu- og sveitarstjóra

Fundargerð 20. samráðsfundar lögð fram til kynningar.

20. Fundargerðir stjórnar Bergrisans

Fundargerðir 43. og 44 fundar stjórnar lagðar fram til kynningar.

21. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands

Fundargerðir 312. og 313 fundar lagðar fram til kynningar.

22. Fundargerð stjórnar Héraðssafns Árnesinga

Fundargerð lögð fram til kynningar

23. Fundargerð stjórnar Þjóðveldisbæjar

Fundargerð 2. fundar stjórnar lögð fram til kynningar. Rætt um framtíðarskipulag á rekstri þjóðveldisbæjarins.

24. Fundargerð Almannaþingarnefndar

Fundargerð 1. fundar stjórnar lögð fram til kynningar.

25. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Fundargerð 221. Fundar lögð fram til kynningar.

26. Lyfjaafgreiðsla í Laugarási

Fyrir liggur að Lyfja ehf hefur áform um að breyta fyrirkomulagi lyfjaafgreiðslu í Laugarási og leitar nú eftir samningi við HSU um að lyfjaafgreiðsla færist inn á heilsugæsluna og í hendur starfsfólks þar. Með þessu breytta fyrirkomulagi er hætt við að þjónusta við notendur heilsugæslunnar verði skert, t.d. hvað það varðar að fá lyfseðilsskyld lyf afgreidd í beinu framhaldi af læknisheimsókn.

Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum vegna umræddrar þjónustuskerðingar og hvetur til þess að lyfjaafgreiðsla verði með óbreyttu sniði í Laugarási. Um mikilvæga þjónustu er að ræða fyrir íbúa alls svæðisins, sem sækja þjónustu heilsugæslu í Laugarási.

27. Kauptilboð í Bugðugerði 5b

Þrjú tilboð hafa borist í Bugðugerði 5b frá því að íbúðin var sett á sölu. Sveitarstjóri hefur hafnað tveimur tilboðum sem ekki voru nægjanlega há í samræmi við umræðu um ásettanlegt verð í sveitarstjórn. Sveitarstjóri hefur samþykkt tilboð að upphæð 26,5 milljónir með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Búið er að aflétta fyrirvara um fjármögnun og leggur sveitarstjóri til að sveitarstjórn samþykki tilboðið.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum kauptilboð og felur sveitarstjóra að undirrita kaupsamning um eignina. Andvirði eignarinnar verði varið til hækkunar á handbæru fé.

Fundi slitið kl. 12:45.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 19. október nk, kl 09.00. í Árnesi.

Sveitarstjórn 2022 - 2026. Númer fundar: 8

Dagssetning fundar: Miðvikudagur, 19. október 2022.

Timi fundar: 09:00. Mættir: Haraldur Þór Jónsson,

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Karen Óskarsdóttir, Vilborg Ástráðsdóttir og Sigríður Björk Gylfadóttir, í fjarveru Gunnars Arnar Marteinsonar.

Fundargerð ritaði Sylvía Karen Heimisdóttir.

Sveitarstjóri setti fundinn og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Fundargerð:

1. Skýrslugjöf sveitarstjóra á 8. Sveitarstjórnarfund

Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að á síðustu tveimur vikum:

Kjördæmavika - fundur með þingmönnum Suðurlkjördæmis.

Málefni Skóla- og velferðarþjónustu í Uppsveitunum og Flóa.

Vikurnámur.

Atvinnumálaþing Uppsveitanna.

Arnardrangur hses.

“Samtaka um hringrásarhagkerfi” ráðstefna.

KPMG - áætlanalíkan.

Þróun vindorku - kynning frá Landsvirkjun á Búrfellslundi.

Fundur með Jarðefnaiðnaði.

Fundur með Umhverfisstofnun vegna Þjórsárdal.

Haustrfundur Héraðsnefndar Árnésinga.

Íslandshótel - kynning v/ nýtt hótel á Brjánsstöðum. Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna.

2. Endurskoðun á síðareglum.

Lagðar fram endurskoðaðar síðareglur kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum nýjar síðareglur.

3. Fjárhagsáætlun: Viðauki vegna reglugerðar-breytingar.

Með breytingu á 20. gr. reglugerðar um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015, var kveðið á um að byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skuli færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar- og efnahagsreiknings, óháð stærð eignarhluta.

Í meðfylgjandi viðauka við fjárhagsáætlun er búið að færa hlutdeild Skeiða- og Gnúpverjahrepps í A hluta, í samræmi við áætlanir byggðasamlaga og samstarfsverkefna fyrir árið 2022 á upphaflega

samþykkt áætlun sveitarfélagsins, auk viðauka fyrir árið 2022.

Viðaukinn hefur jákvæð áhrif á rekstur. Áhrif viðauka á rekstrarniðurstöðu er að rekstrarhagnaður batnar um 1,1 m.kr. og handbært fé hækkar um 2,1 m.kr. Aðrar tekjur hækka um 50,8 m.kr, rekstrargjöld hækka um 45,1 m.kr. Afskriftir hækka um 2,9 m.kr og fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur hækka um 1,7 m.kr. Fjárfesting eykst um 3,7 m.kr. Ekki er hægt að meta áhrif á eignir og skuldir þar sem að í flestum áætlunum samstarfsverkefnanna vantar áætlaðan efnahag 2022.

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum viðauka vegna byggðasamlaga í samræmi við breytingu á reglugerð 1212/2015.

4. Skólalag - kostnaðaráætlun

Lög fram drög að kostnaðaráætlun fyrir skólalag sem haldið verði 19. nóvember nk. Áætlaður kostnaður við skólalaginu, verkefnastjórnun, leigu á sal, mat fyrir gesti skólalagings og annar tilfallandi kostnaður er 1,9 m.kr.

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum framlagða kostnaðaráætlun. Gera þarf ráð fyrir kostnaðinum í viðauka við fjárhagsáætlun 2022.

5. Skeiðalag - rekstrarform

Rekstrarform Skeiðalagar hefur verið um árabil í formi verktöku. Núverandi samningur um rekstur Skeiðalagar rennur út 31. desember 2022. Sveitarstjóri vinnur að undirbúningi að efla starf í Skeiðalag og bæta þjónustu við íbúa. Sveitarstjóri leggur til að breyta rekstrarfyrirkomulagi úr verktöku í að sveitarfélagið ráði starfsfólk til að halda úti rekstri Skeiðalagar með það að markmiði að lengja opnunartíma verulega. Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að auglýsa eftir og starfskrafti til að starfa í Skeiðalag.

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að breyta núverandi rekstrarformi frá og með næstu áramótum og heimilar sveitarstjóra að auglýsa eftir starfskrafti til starfa í Skeiðalag.

6. Vikurnámur í Búrfelli – útboð

Í áratugi hefur verið tekinn vikur úr námu við Búrfell. Núverandi samningur og umhverfismat er að renna út og þörf er á að bjóða út námuréttindin að nýju. Takmarkað magn er eftir í námunni og leggur sveitarstjóri til að boðinn verði út námuréttur til að

taka það efni sem eftir er í námunni.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að fara í nýtt útböð vegna vikurnámu í Búrfelli. Sveitarstjóra falið að bjóða út vikurnám í Búrfelli.

7. Gatnagerð Vallabraut - útböð

Hönnun á gatnagerð Vallarbrautar er tilbúin. Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að bjóða út gatnagerð og semja við verktaka um framkvæmd gatnagerðar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að fara í útböð vegna gatnagerðar við Vallabraut. Sveitarstjóra falið að vinna að útböðsgögnum og bjóða verkið út.

8. Ósk eftir landsvæði til íbúðaupþyngingar.

Magnús Orri Marínarson Schram fyrir hönd Rauðukamba ehf. óskar eftir landsvæði á Reykjanesi við Árnes til uppbyggingar íbúðabyggðar. Umrætt svæði yrði þróað í nánu samstarfi við sveitarfélagið og þar yrðu byggðar íbúðir fyrir starfsmenn Rauðukamba ásamt því að byggðar verði íbúðir sem verða til sölu á almennum markaði.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur vel í erindi Rauðukamba. Skortur er á íbúðum í sveitarfélaginu og því jákvætt að fjölga íbúðum sem koma í sölu á almennan markað. Framundan er deiliskipulagsvinna í Árnesi um þróun byggðar til framtíðar og er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með Rauðukömbum ehf.

9. Umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis gististaðar í Þrándartúni 3.

Lögð fram umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – C minna gistiheimili.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsókn um rekstur gististaðar í flokki II – C minna gistiheimili.

10. Erindi frá Félagi eldri borgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Óskað er eftir styrk vegna félags eldri borgara verði 600.000 kr. á árinu 2023. Einnig að sveitarfélagið haldi áfram að halda úti sundleikfimi og öðrum

athöfnum sem hafa verið síðastliðin ár. Farið er fram á að húsnæði vegna starfsemi eldri borgara verði látið í té eins og verið hefur. Því til viðbótar er óskað eftir meiri afslátt af fasteignagjöldum og að taka til endurskoðunar tekjuviðmið.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum styrk að upphæð 600.000 kr. fyrir árið 2023 ásamt því að halda úti óbreyttri þjónustu og leggja til húsnæði undir starf eldri borgara. Sveitarstjórn mun hafa til hliðsjónar beiðni um afslátt og tekjuviðmið á fasteignagjöldum við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2023.

11. Umsókn um lóð - Hamragerði 9

Umsókn barst í auglýsta lóð að Hamragerði 9 frá Guðmundi Inga Guðjónssyni.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að lóðinni Hamragerði 9 verði úthlutað til umsækjanda.

12. Boð um þátttöku í samráði: Þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 188/2022 - „Þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði - lykilkættir“. Umsagnarfrestur er til og með 21.10.2022.

Sveitarstjóra falið að senda inn umsögn er varðar aðkomu sveitarfélaga að því að sjá um rekstur og uppbyggingu svæða í Þjóðlendun.

13. Ósk um leyfi til dreifingar kjötmjöls

Landgræðslan óskar eftir leyfi til að dreifa kjötmjöli á um 35 ha svæði á Hafinu. Kjötmjöl hefur verið nýtt með góðum árangri á m.a. vikrum á Skeiða- og Gnúpverjaafreitti.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að veita leyfi til kjötmjölsdreifingar á Hafinu til 1. desember 2025.

14. Athugasemdir veiðifélags Þjórsár

Stjórn Veiðifélags Þjórsár vill vekja athygli sveitarstjórnar á þeim athugasemdum sem Veiðifélag Þjórsár hefur lagt fram vegna leyfis Fiskistofu á byggingu Hvammsvirkjunar.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóri áframsendir

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



gögn til Loftslags- og umhverfisnefndar til upplýsinga.

15. Fundarboð samtaka Orkusveitarfélaga

Lagt fram aðalfundarboð samtaka Orkusveitarfélaga.

Sveitarstjóra falið að sækja aðalfundinn fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

16. Fundargerð 247. fundar skipulagsnefndar Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita.

18. Brjánsstaðir 2 L205365; Brjánsstaðir 2B; Stofnun lóðar - 2210017.

Lögð er fram umsókn um stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna 2.498 fm lóð, Brjánsstaðir 2B, úr landi Brjánsstaða 2 L205365. Gert er ráð fyrir að byggt verði íbúðarhús á lóðinni. Samhliða er óskað eftir því að upprunalandið fái staðfangið Brjánsstaðir 2A. *Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Sveitarstjórn bendir á*

að útgáfa byggingaleyfis innan lóða er ýmist háð deiliskipulagi eða grenndarkynningu að undangenginni samþykkt sveitarstjórnar.

17. Fundargerð 51. fundur stjórnar samtaka Orkusveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

18. Fundargerð 52. fundur stjórnar samtaka orkusveitarfélaga.

Afgreiðslu frestað.

19. Fundargerð 1. fundar framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu

Fundargerð lögð fram til kynningar.

20. Fundargerð 913. fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 12:10.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 2. nóvember nk., kl 09:00. í Árnosi.

Skólalaping fer fram 19.nóvember í Árnosi.

Skráning með því að senda tölvupóst á:

vilborg@skeidgnup.is eða hronn@skeidgnup.is

Einnig er hægt að staðfesta þátttöku með því að hringja á skrifstofu

Skeiða- og Gnúpverjahrepps í síma 486-6100

4	1			6			7	
		3		8	5			9
	2		3	7		5		1
	3		6		9	2	5	
6			5		1			
		9		2				3
		6	2			7	4	5
			4		6	8		
2	8	4				1	9	6

					8	4	1	
		5			9	7		
		4		6	1	9		
5	3	1	9					2
6			2	5	7	8		
	2		6					9
			8					7
2								
7			1		6		8	

Snjalltækin okkar

Fræðslunetið Símenntun á Suðurlandi heldur námskeið þar sem kennt er að nota snjalltæki, síma eða spjaldtölvu á virkan hátt. Námskeiðin eru ætluð fólki 60 ára og eldra og eru í boði Félags- og Vinnumarkaðsráðuneytisins.

Á námskeiðinu er meðal annars farið yfir hvernig rafræn skilríki eru notuð, hvernig hægt er að komast í opinbera þjónustu á netinu, bóka hótél og ferðir og nálgast afþreyingarefni. Hvert námskeið eru fjögur skipti, tvo tíma í senn. Kennt er um allt Suðurland og hægt að koma á þann stað sem hentar best.

Næstu námskeið eru haldin í nóvember á Selfossi, Hellu, Hvolsvelli og eitt námskeið verður í janúar á Flúðum.

Nánari upplýsingar má finna á Facebooksíðu Fræðslunetsins.
Skráning á námskeið er í síma 560 2030.

